

## Stjórnarfundur UMSK

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal miðvikudaginn 25. ágúst 2020 kl. 12:00

*Mættir: Valdimar Leo, Magnús, Guðmundur, Larus, Halla, Pétur, Geirarður, Þorsteinn og Valdimar G*

Dagskrá:

1. **Fundur settur** – Formaður setti fundinn
2. **Fundargerð frá 11. júní** – samþykkt
3. **Íþróttaveislan 2021** – Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á Íþróttaveislunni en framkvæmd hennar var frestað til 2021. Allir sem að veislunni 2020 komu ætla að halda áfram bæði framkvæmdaraðilar og styrktaraðilar.
4. **Endurnýjun ráðningarsamning við framkvæmdastjóra**

Gjaldkeri lagði fram endurskoðan starfssamning við framkvæmdastjóra. Breytingin frá áður gildandi samningi er sú að framkvæmdastjóri fær til frjálstra og ótakmarkaðra afnota bílaleigubíl þar sem UMSK greiðir leigugjald og reksturkostnað utan leigusamnings. Bifreiðastyrkur framkvæmdastjóra fellur samhliða niður.

Samþykkt samhljóða og gjaldkera falið að undirrita endurskoðan starfssamning við framkvæmdastjóra.

Lögð fram drög að samstarfssamningi við Bílaleigu Akureyrar. Samningurinn er um samstarf vegna viðburða á vegum UMSK og langtímaleigu á bifreið til afnota fyrir framkvæmdastjóra. Samningurinn er tímabundin, til eins árs. Samþykkt samhljóða og framkvæmdastjóra heimilað að undirrita samninginn fyrir hönd UMSK.
5. **Samskiptaráðgjafi** – Framkvæmdastjóri kynnti starf Samskiptaráðgjafa Íþrótt- og æskulýðsfélaga sem tók til starfa í vor samkvæmt nýjum lögum um starfið.

**6. Þrastaskógur** – sumarhús UMSK í Þrastaskógi

Framkvæmdastjóri rakti sögu og tilurð sumarhússins ásamt því að leggja fram minnisblað um bálegt ástand hússins til margra ára.

Stjórn UMSK samþykkir eftirfarandi tillögu framkvæmdarstjóra að ástand sumarhússins í Þrastarskógi sé óviðunandi, húsið sé ónýtt og stafar vegfarendum og umhverfi hætta af. Framkvæmdastjóra falið að leita tilboða í niðurrif og förgun hússins.

Niðurrifi og förgun húsnæðisins verður hrint í framkvæmd sem allra fyrst sbr. minnisblað framkvæmdastjóra.

**7. Eldriborgaraverkefnið í Kópavogi**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnisins sem fer á stað í september. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri fyrir verkefnið sem er samstarfsverkefni Gerplu, Breiðabliks, HK, Kópavogsbæjar og UMSK.

**8. Formannafundur endurvakinn** – Komið hafa fyrirspurnir um hvort ekki sé kominn tími á að endurvekja formannafundina. Mikilvægt að þessir fundir séu velskipulagðir með góðri dagskrá. Bjóða formönnum félaganna og ýta síðan á eftir því með símtölum.

**9. Afreksmannasjóður** – Engar ferðir hafa verið farnar á árinu og lítið sótt í sjóðinn. Skoða hvort heimilt sé að styrkja annað afreksstarf en keppnisferðir erlendis s.s. afreksbúðir eða námskeið sem hentar fyrir afreksfólkið okkar. Taka umræðu um þetta á formannafundi. Stjórn Afreksjóðsins falið að skoða leiðir.

**10. Sambandsráðsfundur UMFÍ í október.** – Fundurinn verður haldinn á Geysi. Formaður og Framkvæmdastjóri mæta fyrir hönd UMSK.

**11. Stjórnarfundur á Grímsborgum** - Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að stjórnarfundur yrði haldin 14. nóv. n.k. á Hótel Grímsborgum og gist á hótelinu aðfararnótt sunnudags. Stjórnarmönnum býðst að taka með maka á eigin kostnað.

Samþykkt samhljóða

**12. Önnur mál** – Ekkert tekið fyrir undir liðnum.

